



Borgarstjórn Reykjavíkur
2. júní 2026

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um stofnun leikskóla- og daggæsluráðs

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stofna leikskóla- og daggæsluráð. Ráðið fer með verkefni á sviði leikskóla- og daggæslu barna eins og þau eru nú skilgreind í 3. gr. samþykktar skóla- og frístundaráðs þar með talið verkefni leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008 og verkefni félagsmálanefndar skv. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, að því er lýtur að daggæslu í heimahúsum. Ráðið skal skipað fimm fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara, aðalfulltrúar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn. Ráðið verður í flokki I skv. samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Forsætisnefnd er falið að vinna samþykkt fyrir ráðið í samráði við skóla- og frístundaráð sem skal lögð fram til afgreiðslu á fyrsta fundi borgarstjórnar í september ásamt breytingum á samþykkt skóla- og frístundaráðs. Ráðið starfar samkvæmt samþykkt skóla- og frístundaráðs þar til ný samþykkt liggur fyrir.



Reykjavík